



Nefndasvið Alþingis
Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd
b/t Benedíkts S. Benediktssonar
nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 23. ágúst 2011.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum (839. mál)

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér tillögur að breytingum á lögum um stjórn fiskveiða.

Ofangreint frumvarp felur í sér tillögur að breytingum á núgildandi lögum um stjórn fiskveiða. Lagt er til að aftur verið snúið til þess kerfis sem var við líði fyrir framsalsheimild núverandi fiskveiðistjórnunarkerfis, þ.e. að kerfið verði fært aftur um rúm tuttugu ár. Ekki verða gerðar ítarlegar athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins, frekar almennt fjalla að um þær breytingar sem í tillögunum felast. Athugasemd verður að gera við hversu rýr greinargerð með frumvarpinu er. Í greinargerð er ekki gert grein fyrir breytingum einstakra greina né tæknilegum útfærslum.

Eins og Viðskiptaráð hefur áður komið inn á í umsögnum er snerta breytingar á fiskveiðikerfi landsins þá er það mat ráðsins að það fiskveiðistjórnunarkerfi sem er nú til staðar þjóni hagsmunum þjóðarinnar vel. Kerfið stuðlar að hámarksáhrifum á verðmætasköpun og hagkvæmni í greininni auk þess að markmiðum um sjálfbærni og vistvænar veiðar er fylgt eftir.

Á árunum kringum 1990 var sett á laggirnar, í nokkrum skrefum, núgildandi fiskveiðistjórnunarkerfi sem byggir á úthlutun aflaheimilda. Við innleiðingu kerfisins var byggt á úthlutun í samræmi við veiðireynslu og árið 1991 var framsal aflaheimila heimilað. Ofangreind tillaga felur í sér að fært verður aftur í því kerfi til þess tíma er byggði úthlutun skv. veiðireynslu en heimilaði ekki framsal. Tillögunar gera ráð fyrir að sveitarfélög taki yfir þeim aflaheimildum sem um ræðir og útteili þeim til veiðileyfishafa á grunni uppboða. Ekki er þó gerð grein fyrir því í hverju ávinningurinn felst með þessari breytingu að öðru leyti en til að friða þær raddir sem hafa mótmælt framsali aflaheimilda, annar tilgangur með breytingunni er ekki skýr.

Í ofangreindu frumvarpi kemur fram að markmið þess sé að breyta skipulagi fiskveiðistjórnunar og sölu sjávaraflla og tryggja með því ríka aðkomu sveitarfélaga að úthlutunum aflaheimilda og eflingu byggðar. Forræði yfir aflahlutdeildum færast yfir til sveitarfélaga í sama hlutfalli og var fyrir gildistöku núgildandi fiskveiðistjórnunarkerfis og stefnt að fjárhagslegri endurskipulagningu útgerðar á Íslandi í kjölfar efnahagshrunsins.

Með frumvarpinu eru aflaheimildir færðar til sveitarfélaga og í því hlutfalli sem var fyrir gildistöku heimildar um framsal. Í þessari tillögu er þó ekki gert ráð fyrir þeirri þróun sem hefur orðið í byggðum og útgerðum í landinu. Margar útgerðir hafa lagst af og mörg sveitarfélög hýsa ekki útgerðir af sama marki og var fyrir umrætt tímamark. Ekki er gert ráð fyrir lausn á þessu í frumvarpinu en í greinargerð með því er gert ráð fyrir að breytingin hafi í för með sér viðsnúning á þeirri þróun sem hefur átt sér stað í sjávarbyggðum landsins. Hvernig höfundar frumvarpsins komast að þeirri niðurstöðu að með þeirri

breytingu sem hér er boðuð munu byggðir færast í fyrra horf er erfitt að skilja enda fleiri þættir sem hafa haft áhrif á þá þróun.


Í frumvarpinu er lagður til sérstakur kvótaskuldaskjalningur sem yfirtekur þær kröfur sem eru tilkomnar vegna fjárfestinga í aflaheimildum og greiði þær niður með hlutdeild í söluverðmæti aflaheimilda. Það verður að telja hæpið að slíkt standist lög enda hér m.a. um að ræða breytingar á skuldara þvert á skilmála og breytinga á skilmálum án aðkomu kröfuhafa. Sérstaklega verður að gera athugasemd við þá framsetningu frumvarpsins að kröfur beri ekki vexti, slík einhliða breytinga á skilmálum krafna af hálfu skuldari er hæpin og með aðgerð sem þessari er ríkið að baka sér skaðabótaskyldu.

Viðskiptaráð ítrekar einnig þær athugasemdir sem gerðar voru við 50. mál á yfirstandandi löggjafarþingi, en í því frumvarpi var lagt til að allur aflur sem veiddur er í íslenskri lögsögu væri seldur á innanlandsmarkaði, með örfáum undantekningum. Viðskiptaráð lagði gegn þeirri tillögu og í umsögn ráðsins kom fram að sú kvöð sem er lögð til dragi úr möguleikum til hámarksverðmæta í sjávarútvegi og dragi auki afskipti stjórnvalda af rekstri fyrirtækja.

Frumvarpshöfundar vísa til þess í greinargerð að sú skaðabótaskylda sem getur fylgt í kjölfar þeirra breytinga sem í frumvarpinu felist séu þess virði í ljósi þess ávinnings sem af því hlýst. Hins vegar er ekki hér sýnt fram á tölulegan ávinning heldur aðeins pólitískan og enginn samanburður gerður við mögulega skaðabótaskyldu, athugasemd verður að gera við þetta.

Viðskiptaráð Íslands leggur til að frumvarpið nái ekki fram að ganga.

Virðingarfyllt,



Þórdís Bjarnadóttir
Lögfræðingur
Viðskiptaráð Íslands